



## Ábyrgðaryfirlýsing

### Chromebook tölvur

Grunnskólar á Akureyri útvega nemendum Chromebook tölvur til afnota í skólastarfi. Tölvuumsjónarmenn skólanna annast þjónustu við tækið og setja upp á því forstillingar sem leyfa umsýslu og utanumhald sem nauðsynleg eru til að hægt sé að þjónusta nemenda og tæki.

Á tækinu er ýmis konar hugbúnaður (forrit) sem ætluð eru til námsvinnu nemandans og er ekki heimilt að fjarlægja fyrirfram uppsett forrit. Nemendum er óheimilt að setja upp forrit/öpp í tölvurnar. Ekki má undir neinum kringumstæðum nota tækið á ólöglegan hátt. Ekki má setja í það stolin forrit eða forrit sem breyta stýrikerfi þess eða eyða gögnum og stillingum af tækinu. Nemandi skal fylgja reglum skóla og landslögum hvað varðar myndatökur og myndbirtingar.

Kennari ákveður hvenær tækið er notað við kennslu enda er fyrst og fremst um námstæki að ræða. Notkun tækisins er almennt háð almennum skólareglum skólans, þ.m.t. tölvureglum, varðandi ábyrgð og skyldur nemenda í skólastarfinu.

Með undirritun þessa samnings ábyrgist nemandi að fara vel með tölvuna sem honum er úthlutað til afnota í skólastarfi. Þá ber honum að tilkynna skólanum strax ef tækið bilar, skemmist eða týnist (stolið). Í slíkum tilfellum leitast skólinn við að útvega nemandanum annað lánstæki meðan á viðgerð fer fram eða tapað tæki er endurheimt.

Sé um vísvitandi skemmdarverk, vítavert gáleysi, verulega vanrækslu eða þjófnað af hálfu nemenda að ræða skal foreldri/forráðamaður bæta skólanum tölvuna fyrir hönd nemandans með því að borga fyrir viðgerð. Ef viðgerð dugar ekki skal foreldri/forráðamaður greiða því sem samsvarar að kaupa nýtt sambærilegt tæki ef tölvan skemmist á fyrsta árinu en eftir það er gert ráð fyrir 20% verðryrnun ár hvert. Þannig greiði foreldrar 40% af kostnaðarverði sambærilegrar tölvu sé hún þriggja ára.

Við undirritun þessa samnings veitir foreldri/forráðamaður einnig skólanum leyfi til að setja á tækið og nýta smáforrit og vefþjónustur/skýjalausnir sem skólinn telur heppileg hverju sinni, m.a. með sjálfvirkum uppfærslum. Akureyrarbaer leitast við að vinnsla og öryggi sem tengjast notkun tækisins veiti nægilega persónuvernd. Nemandi ber þó alltaf ábyrgð á eigin notkun. Sömuleiðis mun skólinn annast fræðslu til nemenda um notkun skýjalausna og kynnir þar gott verklag með ýmsum verklagsreglum sem stöðugt eru uppfærðar til að tryggja sem best öryggi gagna og persónuvernd

---

Undirskrift nemandans

---

Undirskrift foreldris/forráðamanns

---

Móttekið f.h. skólans